

Á R S S K Ý R S L A

Körfuknattleikssambands Íslands

1975 - 1976

Stjórnarkjör:

Á 15. ársþingi Körfuknattleikssambands Íslands voru eftirtaldir kjörnir í stjórn sambandsins fyrir komandi starfsár.

Einar Bollason form.

Sigurður Halldórsson

Erlingur Karlsson

Gylfi Kristjánsson

Páll Júlíusson

Varamenn:

Hörður Túliníus

Birgir Örn Birgisson

Verkaskipting:

Á fyrsta fundi hinnar nýkjörnu stjórnar skiptu stjórnarmenn með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Einar Bollason formaður

Páll Júlíusson varaformaður

Erlingur Karlsson gjaldkeri

Sigurður Halldórsson ritari

Gylfi Kristjánsson meðstjórnandi

1911
1912
1913

1914
1915
1916
1917
1918
1919
1920
1921
1922
1923
1924
1925
1926
1927
1928
1929
1930
1931
1932
1933
1934
1935
1936
1937
1938
1939
1940
1941
1942
1943
1944
1945
1946
1947
1948
1949
1950
1951
1952
1953
1954
1955
1956
1957
1958
1959
1960
1961
1962
1963
1964
1965
1966
1967
1968
1969
1970
1971
1972
1973
1974
1975
1976
1977
1978
1979
1980
1981
1982
1983
1984
1985
1986
1987
1988
1989
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996
1997
1998
1999
2000
2001
2002
2003
2004
2005
2006
2007
2008
2009
2010
2011
2012
2013
2014
2015
2016
2017
2018
2019
2020
2021
2022
2023
2024
2025
2026
2027
2028
2029
2030
2031
2032
2033
2034
2035
2036
2037
2038
2039
2040
2041
2042
2043
2044
2045
2046
2047
2048
2049
2050

Nefndir KKI 1975-1976:Dómaranefnd:

Jón Otti Ólafsson formaður
 Kristbjörn Albertsson
 Sigurður Halldórsson

Mótanefnd:

Gylfi Kristjánsson formaður
 Hilmar Hafsteinsson
 Gísli Guðmundsson

Unglingalandsliðsnefnd:

Kristinn Stefánsson formaður
 Gunnar Gunnarsson

Minni-bolta nefnd:

Bogi Þorsteinsson formaður
 Ingvar Jónsson

Tækninefnd:

Guttormur Ólafsson
 Guðmundur Þorsteinsson

Aganefnd:

Jón Eysteinnsson
 Guðni Guðnason
 Guðmundur Árnason

Landsliðsnefnd karla:Stjórnarstörf:

Alls voru haldnir 40 bókaðir fundir á starfstímabili fráfarandi stjórnar, þar sem stjórnarmenn komu saman til að vinna að ákveðnum verkefnum. Helstu verkefni stjórnarinnar voru:

1. Körfuknattleiksskóli á Laugarvatni
2. Landshappdrætti 1976
3. Sendiherrakeppnin
4. Undirbúningur v/pátttöku í Evrópukeppni unglunga í Tyrklandi.
5. Undirbúningur v/pátttöku í Evrópukeppni unglunga í Grikklandi.
6. Undirbúningur karlalandsliðs í Polar Cup.
7. Undirbúningur karlalandsliðs v/forkeppni Olympíuleika í Canada.
8. BINGÓ
9. Móttaka Rose Hulman skólans
10. Móttaka breska Olympíuliðsins
11. Móttaka Portugalska landsliðsins
12. Vorhappdrætti KÍ
13. Fírmakeppni
14. Bikarkeppni 1976 karla og kvenna
15. Íslandsmótið 1976
16. Undirbúningur v/ komu erlends þjálfara á vegum KÍ

Körfuknattleiksskóli á Laugarvatni.

Í ágúst s.l. stóð yfir á Laugarvatni í eina viku Körfuknattleiksskóli KÍ. Þessi hugmynd hafði fæðst meðal stjórnarmanna veturinn áður, og var aðstaða á Laugarvatni tryggð í eina viku til þessa.

Skemmst er frá því að segja, að áhugi hinna einstöku félaga, sem iðka körfuknattleik, á þessu máli var mjög misjafn. Mörg félög og þá ekki hvað síst félög utan Reykjavíkur sendu fleiri en einn nemanda til skólans en önnur félög virtust ekki hafa hinn minsta áhuga á þessu máli.

En þess er að vænta að þetta kunni að taka breytingum. Því er nefnilega ekki að leyndu, að þeir unglingar sem skólann sóttu voru mjög ánægðir með það sem þar fór fram og töldu sig hafa mikið af homum lært. Og þeir sem hafa fylgst með yngri flokkum í afloknu Íslandsmóti hafa séð marga áhugasama pílta ná þar góðum árangri, og þeir eru ánægðir með að klæðast peysum merktum Körfuknattleiksskóla KKÍ á Laugarvatni 1975.

Forstöðumenn Körfuknattleiksskólans voru þeir Guttormur Ólafsson og Guðmundur Þorsteinsson, og voru allir mjög ánægðir með þeirra þátt. Kennsla þeirra var mjög uppbyggjandi, og endaði með að piltarnir glímdu við 1. stig tækniþrautar KKÍ og stóðust allir með sóma.

Stjórn KKÍ þakkar þeim Guttormi og Guðmundi innilega þeirra starf á Laugarvatni í ágúst 1975 svo og önnur störf sem þeir hafa unnið körfuknattleiknum til góðs á undanförunum árum.

Aformað er að halda Körfuknattleiksskólann á ný í ágúst n.k. og hefur þegar verið auglýst eftir þátttökutilkynningum.

Landshappdrætti 1976.

Eins og fram hefur komið í tveim síðustu Ársskýrslum hefur stjórn KKÍ gengist fyrir landshappdrætti.

Því er ekki að leyndu að í skýrslum gætti óánægju með hlut félaganna varðandi sölu á miðum. Var því ákveðið að fara nýjar brautir nú.

Var ákveðið að félögin fengju takmarkað upplag miða til að byrja með, en gætu fengið meira þegar uppgjör á fyrri miðum hefði borist. Hins vegar skyldi meginsalan fara fram með þeim hætti, að leitað yrði til ýmissa fyrirtæka og annarra varðandi kaup á miðum.

Páll Júlíusson tók að sér það verkefni að sjá um þessa dreyfingu og dreýfði hann um 7000 miðum. Heimtur af þessum 7000 miðum voru hins vegar það slæmar að sýnt þykir að þessi leið sé ekki sú sem heppilegust er til árangurs í framtíðinni.

Og hvað er þá til ráða?

Það er engin spurning um það, að það verður að byggja þetta happdrætti upp á sölu þeirra félaga sem iðka körfuknattleik. En til þess að happdrættið geti þrífist og skilað þeim ágóða sem það þarf að gera verður að koma til hugarfarsbreyting hjá félögunum.

Þátttakendur í Íslandsmóttinu 1976 voru um eitt þúsund talsins, og það er varla nein goðgá að átla, ef allt er með felldu hjá félögunum, að þessir þátttakendur einir geti selt 10.000 miða. Við þetta bætast miðar sem aðrir selja, og mætti varlega áætla þá tölu um 2000 miða. Verði þessu markmið náð, er happdrættið farið að skila þeim ágóða til KKI sem það þarf að gera, og hlutur þeirra félaga sem vel standa sig getur einnig orðið góður.

Körfuknattleiksmenn og aðrir sem þeirri íþrótt unna ættu að taka saman höndum næst þegar Happdrætti KKI hleypur af stokkunum og sína í verki hug sinn til þess að körfuknattleikur á Íslandi geti eflst í nánustu framtíð þeð að selja 10 happdrættismiða á hvern meðlim í félögunum verður varla talin of stór fórn til þess.

Sendiherrabíkarkeppnin.

Hin árlega keppni um Sendiherrabíkarinn fór að þessu sinni fram í janúar og fe rúar og voru að venju leiknir 5 leikir.

Körfuknattleiksráð Reykjavíkur varð við þeirri beiðni stjórnar KKI að úrval Landsliðsnefndar sem þá æfði fyrir

landsleiki gegn Olympíuliði Bretlands fengi að leika tvo fyrstu leikina. Var það góð æfing fyrir liðið. Fyrsta leikinn vann lið Varnarliðsins, en í öðrum leiknum sigraði lið KKÍ en sá leikur var háður eins og sá fyrsti á Keflavíkurflugvelli. Í þeim þremur leikjum sem þá voru eftir sigraði hinsvegar úrvalsliðið í tveimur og urðu því úrslitin þau að enn einu sinni fór Sendiherrabíkarinn í vörslu íslenskra körfuknattleiksmanna.

Skulu körfuknattleiksráði Reykjavíkur færðar þakkir fyrir aðstoð þá er það er lét Landsliðsnefnd í té með því að láta tvo fyrstu leikina eftir til landsliðsúrvalsins.

Tyrklandssferð Unglingalandsliðs.

Unnið var að undirbúningi þeirrar ferðar allt síðasta ár og frá byrjun þessa árs. Keppnin fór fram í Antalya í Tyrklandi og áttu þar að leika 6 lið. Þegar til kom reyndust liðin aðeins 3 auk Íslands þ.e. Tyrkland, Finnland og England. Sjá nánari frásögn í skýrslu Unglingalandsliðsnefndar og fararstjóra.

Grikklandsferð unglíngalandsliðs.

Farið var í þá ferð í júlí 1975 og var leikið í Saloniki í Grikklandi. Samtímis fór fram annar Evrópuríðill í Apenu. Alls voru leiknir 9 leikir í ferðinni. Sjá nánari upplýsingar í skýrslum unglíngalandsliðsnefndar og fararstjóra.

Undirbúningur Karlalandsliðs í PolarCup

Að þessu sinni fór keppnin fram í Kaupmannahöfn. Við lok Íslandsmótsins var valinn 17 manna kjarni til æfinga undir stjórn Kristins Stefánssonar og Birgis Birgis. Að loknum landsleikjunum við Portugal var síðan valinn hópur 10 manna til æfinga fram að mótinu. Voru úrslit mótsins að mörgu leyti athyglisverð, því sjálfan hefur verið jafn mjótt á mununum og var í

mörgum leikjunum. Íslendingum tókst þó ekki betur upp en það að lenda í 4. sæti á undan Norðmönnum, en ýmislegt bendir til þess að stefna með hátt fyrir næsta Norðurlandamót karla, sem frem fer hér á landi 1978.

Sjá nánari frásögn um Norðurlandamótið í skýrslu fararstjóra.

Undirbúningur karlalandsliðs vegna forkeppni Olympíuleika í Kanada 1976.

Í byrjun maí var kallaður saman manna hópur til æfinga sem síðan eiga að standa yfir fram að forkeppninni í Hamilton í Kanada um mánaðarmótin júní-júlí.

Margar mjög sterkar körfuknattleiksþjóðir taka þátt í keppninni og verður því við ramman reip að draga, en 3 lið komast frá Hamilton til Montreal á sjálfa Olympíuleikana.

Hér er um mjög fjárfrekt fyrirtæki að ræða og eru ýmsar aðgerðir í bígerð til þess að endar nái samam. Má þar nefna Vorhappdrætti KKI og söfnun í auglýsingabekling vegna ferðarinnar. Að öðru leyti vísast til skýrslu landsliðsnefndar.

KKI BINGÓ

Stjórnin fór út á þá braut að koma af stað bingói í febrúar til að afla fjár til starfsins. Stjórnarmenn og framkvæmdarstjóri unnu í sameiningu að undirbúningi fyrirtækisins, sem síðan fór fram með pomp og prakt í Sigtúni rétt í þann mund sem verkfall skall á. Varð allgöð þátttaka í bingóinu og nokkur hagnaður.

Bingó er nokkuð áhættusamt fyrirtæki þar sem fastur kostnaður við auglýsingar, vinninga og til greiðslu húsnæðis er mjög hár. Þetta tókst þó að þessu sinni og er ástæða til að ætla að slíkt eigi rétt á sér ef valinn er "réttur tími" og sméheppni er með.

Móttaka Rosæ Hulman skólans

Þetta bandaríska skólalið hafði hér viðdvöl á leið sinni austur um haf og lék 1 leik við úrvalslið úr 1. deild. Fór leikurinn fram í Laugardalshöll 21. desember og lauk með sigri úrvalsliðsins.

Þistu piltarinnir 1 nótt á Keflavíkurflugvelli og snæddu þar og var því kostnaður vegna heimsóknarinnar mjög lítill. Joseph Becelia starfsmaður við Ameríska sendiráðið í Rvík hafði milligöngu um þessa heimsókn og á hann miklar þakkir skildar fyrir sinn þátt.

Móttaka breska Olympíuliðsins.

Upphaflega stóð til að hér yrði haldið þriggja liða mót með þátttöku Búlgara, Bretar og okkar. Búlgarir heltust síðan úr lestinni og var mikið reynt til að fá hingað lið í staðinn, hvað ekki tókst. Bretar komu hingað engu að síður og léku hér 2 landsleiki þ. 7. og 8. febrúar. Fóru leikirnir fram í Laugardalshöll og töpðust báðir naumlega.

Sjá nánar skýrslu landsliðsnefndar.

Móttaka portugalska landsliðsins.

Í von um að fá einhverja landsleiki hér heim, þá var skrifað til flestra V-Evrópulanda í haust, í von um að fá hingað landslið. Svörin frá flestum voru á þann veg að vegna móta eða fjárhagsástæðna, þá gæti viðkomandi ekki komið og sumir höfðu ekki fyrir því að svara. Eina jákvæða svarið sem kom var frá Portugal, flestum á óvart og var samið um 3 landsleiki við þá 8,9 og 10 apríl og féll það vel inn í undirbúning landsliðsins fyrir Polar Cup og undankeppni Olympíuleikanna.

Fyrsti leikurinn fór fram í Laugardalshöll en hinir 2 voru hédur í Njarðvík. Eru þetta fyrstu landsleikirnir í körfuknattleiks sem hédur hafa verið í hinu ágæta íþróttahúsi Njarðvíkinga. Landslið Íslands sigraði í öllum leikjunum 3.

Að loknum síðasta leiknum bauð bæjarstjórnin á staðnum til veglegs hófs og skal þeim þakkað hér með.

Þá skal sunnanmönnum, þó aðallega Stefáni Bjerkasyni og Boga Þorsteinssyni þakkað þeirra þáttur varðandi undirbúninginn í Njarðvík.

Sjá nánar um heimsóknina í skýrslu landsliðsnefndar.

Vorhappdrætti KKI

Þessu skyndihappdrætti var hrundið af stokkunum í byrjun Apríl og er fyrst og fremst ætlað sem fjáröflun fyrir Hamiltonferðina. Sala miða er ennþá í fullum gangi og eru það fyrst og fremst landsliðskandidatarnir sem sjá um dreifinguna.

Firmakeppni KKI

Þessari keppni var nú komið á annað árið í röð. Var um að ræða hreina fjáröflun fyrir karlalandsliðið og átti hver þátttakandi að afla sér fyrirtækis ásamt 10 þúsund kr greiðslu. Var keppnin með útsláttarfyrirkomulagi og því mikið einfaldari í sniðum en árið áður. Það var von stjórnarinnar að allir landsliðskandidatarnir en tækju þátt í keppninni ásamt öðrum l. deildarleikmönnum það stóð öllum til boða. Réunin varð þó sú að til-
tölulega fáir tóku þátt í keppninni, þar af margir með eftirgangsmunum, en alls urðu þátttakendur 18.

Úrslitaleikurinn var hédur sama kvöldið og úrslit bikar-keppninnar fóru fram og varð Curtis Carter sigurvegari að þessu sinni. Framkvæmdastjóri sá um framkvæmd keppninnar.

Undirbúnigur vegna komu erlends þjálfara á vegum KKI

Í haust sem leið, voru send bréf til nokkurra austan-
tjaldsríkja og spurð fyrir um körfuknattleiksþjálfara
sem gæti tekið að sér landsliðin og körfuknattleiks-
kennsluna víða um land. Jákvæð svör bárust frá Rúss-
landi og Póllandi. Átti KKI að hafa samband við Rúss-
neska sendiráðið hér í borg um áframhald málsins. Var
haft samband við sendiráðið bæði í síma og skriflega.
Síðan leið og beið en ekkert kom svarið, en þegar til átti
að taka kannaðist allt í einu enginn við málið og kvaðst
enginn hafa bréfið í höndunum. Var þetta því ítrekað að
nýju við rétta aðila, en ennþá er ekkert komið jákvætt
út úr því máli.

Frá Póllandi kom svar frá manni, sem virtist hafa mjög
góða peppíra og meðmæli en sá ljóður var á að hann gat
aðeins gert sig skiljanlegan á frönsku og þýsku.
Álítur stjórn KKI að slíkur þjálfari verði að geta gert
sig skiljanlegan á ensku og var því tilboðinu hafnað.

Þá var og reynt að fá hingað kunningja okkar Merv Harsman
frá Bandaríkjunum, til að halda hér stutt þjálfarenámske
en af því gat ekki orðið.

Stjórnin lét síðan setja inn á dagskrá Norðurlandþingsins
í Kaupmannahöfn að reynt yrði að semja um komu bandarískra
toppþjálfara á vegum allra Norðurlandanna sameiginlega.
Var þetta samþykkt á þinginu og mun sá fyrsti koma hingað
fyrir næsta Norðurlandamót kaða vorið 1978.

Íslandsmótið 1976

Stóra mótanefnd þ.e. fulltrúar frá öllum þátttökuliðum í 1,2, og 3 deild var boðuð til fundar síðla sumars. Öll 1.deildar liðin utan eitt sendu þangað fulltrúa sína en aðeins voru mættir 4 fulltrúar liðanna í 2. og 3. deild. Var kjörin þriggja manna framkvæmdanefnd á fundinum. Þessir voru kosnir: Guðmundur Sigurðsson formaður, Hilmar Hafsteinsson og Sigurður Valgeirsson. Tók nefndin strax til éspilltra málanna við að raða niður mótinu með aðstoð Gylfa Kristjánssonar. Eftir að drög að mótaskrá höfðu verið send til félaganna og ýmsar breytingar verið gerðar var síðan ráðist í gerð leikjábókar. Sú leikjábók var mikið vandaðri í sniðum en áður hafði tíðkast og voru í henni ýmsar upplýsingar s.s. reglugerðir hinna ýmsu nefnda, lög KKI reglugerð um körfuknattleiksmót, upplýsingar um alla landsleiki Íslands frá upphafi, úrslit Íslandsmóta og bikarkeppni frá byrjun, upplýsingar um nöfn og síma stjórnarmanna KKI og formanna nefnda o.m.fl. auk hinnar eiginlegu leikjaskrár.

Skömmu eftir að mótið byrjaði, lét Guðmundur Sigurðsson af störfum vegna anna og var Gylfi Kristjánsson kosinn í hans stað, þá kom Gísli Guðmundsson inn í nefndina í stað Sigurðar Valgeirssonar. Hafði Guðmundur þá lagt mikla vinnu í niðurröðun mótisins og á hann fyrir það þakkið skildir.

Þakkar stjórnin og öllum þeim sem stóðu að framkvæmd mótisins og þá ekki síst þeim Gylfa Kristjánssyni og Jóni Otta Ólafssyni.

Að öðru leyti vísast tilláskýrslu mótanefndar og dómara- nefndar.

Bikarkeppni KKI

Bikarkeppni karla fór nú fram í 8. sinn og voru 13 lið skráð til þátttöku í henni.

Þá var og háð bikarkeppni kvenna og tóku þátt í henni 5 lið. UMFG sendi þá í 1. skipti kvennalið til móts á vegum KKI.

Frækvæmdastjóri hafði yfirumsjón með Bikarkeppninni að þessu sinni.

Kvennaflokkur úrslit:

| | | |
|------------|---------|-------|
| 1. umferð: | ÍR:ÍS | 54:40 |
| 2. umferð: | ÍR:Fram | 41:28 |
| | KR:UMFG | 63:25 |
| Úrslit: | KR:ÍR | 46:42 |

Bikarmeistari 1976 Knattspyrnufélag Reykjavíkur.

Kerlaflokkur úrslit:

| | | | |
|----|------------|--------------|---------|
| 1. | 1. umferð: | Árm:ÍR | 97:90 |
| | | ÍS:Þór | 2:0 |
| | | KR:Haukar | 120:71 |
| | | UMFN:UBK | 107:45 |
| | | Valur:UMFG | |
| 2. | 2. Umferð: | Fram:KRb | 61:49 |
| | | ÍS:KRa | 104:99 |
| | | UMFN:Snæfell | 2:0 |
| | | Ármann:Valur | 112:102 |
| | 3. Umferð | Ármann:ÍR | 94:80 |
| | | UMFN:Fram | 82:74 |
| | Úrslit: | Ármann:UMFN | 98-89 |

Bikarmeistari 1976 Glimufélagið Ármann.

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR.

Upphaflega tilkynntu 24 félög alls 80 flokka til keppni í Íslandsmótinu 1976, en síðar voru 6 flokkar dregnir til baka eftir að keppni hófst. Það voru því 74 flokkar viðsvegar að afllandinu sem tóku þátt í Íslandsmótinu, og þá ótalinn sá fjöldi sem keppti í Íslandsmótinu í Minni-bolta. Það má því fullyrða að tala þátttakenda hafi verið um 1100 talsins, og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Niðurröðun Mótanefndar náði yfir 254 leikji í hinum ýmsu flokkum og deildum og var leikið á eftirtöldum keppnisstöðum.: Njarðvík, Hafnarfirði, Garðabæ, Seltjarnarnesi Reykjavík, Laugarvatni, Akranesi, Stykkishólmi, Akureyri og á Eskifirði.

Það má tvímælalaust fullyrða, að Íslandsmótið 1976 hafi verið það erfiðasta í framkvæmd í mörg ár, og kom þar fleira en eitt til. Það sem háði þó aðallega var að flug-samgöngur allar voru mjög erfiðar og reyndar allar samgöngur á landi og varð að fresta mörgum leikjum af þeim sökum og sumum þeirra oft. Þá skall verkfall á einmitt þegar mótið var í hámarki og hafði það einnig í för með sér frestun á mörgum leikjum. En úrslit tókst að fá í öllum flokkum á réttum tíma, þótt því miður yrðu nokkrir leikir eftir sem ekki gátu farið fram, en þeir breyttu ekki neinu varðandi röð eistu liða.

Það sem háir Mótanefnd mest í starfi er að félögin halda sífellt áfram að fara fram á frestanir leikja s.s. vegna próflesturs o.s.frv. Þetta er að sjálfsögðu mjög erfitt mál og ætti ekki að vera til þar sem félögin hafa samþykkt niðurröðun áður en keppni hefst.

Í öðru lagi má benda á, að ekki senda nærri allir inn leikskýrslur og kostar það auðvitað aukavinnu að hafa

upp á úrslitum þeirra leikja. Tókst það þó að mestu, en nokkrar eru þó gloppur í úrslitaupptalningu sem fer hér á eftir:

I. deild

| | | |
|----------------|--------|---------|
| Ármann:Snæfell | 141:75 | 2:0 |
| UMFN:ÍR | 61:76 | 93:94 |
| KR:Snæfell | 88:53 | 104:79 |
| Fram:Snæfell | 93:65 | 73:54 |
| Ármann:ÍS | 107:84 | 84:93 |
| Valur:KR | 88:110 | 83:88 |
| Fram:UMFN | 77:87 | 54:73 |
| ÍR:ÍS | 87:73 | 98:78 |
| ÍS:Valur | 90:73 | 81:82 |
| ÍR:Snæfell | 102:67 | 148:76 |
| UMFN:Snæfell | 105:72 | 100:66 |
| KR:ÍR | 90:76 | 82:85 |
| Ármann:Valur | 113:82 | 104:98 |
| ÍS:Fram | 78:66 | 86:78 |
| UMFN:ÍS | 72:78 | 65:63 |
| Ármann:UMFN | 101:80 | 108:104 |
| ÍR:Valur | 94:90 | 103:84 |
| KR:Ármann | 81:85 | 74:84 |
| ÍR:Ármann | 89:90 | 99:92 |
| Valur:Fram | 75:59 | 82:63 |
| UMFN:KR | 77:69 | 90:100 |
| ÍR:Fram | 92:55 | 88:75 |
| Valur:Snæfell | 81:54 | 105:65 |
| ÍS:Snæfell | 75:67 | 86:76 |
| Valur:UMFN | 73:74 | 74:80 |
| Ármann:Fram | 88:57 | 101:67 |
| KR:ÍS | 95:81 | 122:112 |
| KR:Fram | 104:74 | 86:72 |

Glimufélagið Ármann varð sigurvegari í 1. deild í fyrsta skipti í sögu félagsins. Snæfell frá Stykkishólmi hafnaði í neðsta sæti og leikur því í 2. deild að ári.

Lokastaðan í 1. deild.

| | | |
|---------|----|------|
| Árman | 26 | stig |
| ÍR | 24 | stig |
| KR | 18 | stig |
| UMFN | 16 | stig |
| ÍS | 14 | stig |
| Valur | 10 | stig |
| Fram | 4 | stig |
| Snæfell | 0 | stig |

2. deild.

| | | |
|-------------|-------|--------|
| UMFG:ÍBÍ | 58:52 | |
| ÍBÍ:UBK | 52:58 | 61:78 |
| Þór:UMFS | 64:52 | 56:55 |
| ÍBÍ:Haukar | 78:72 | 74:78 |
| UMFS:ÍBÍ | 58:47 | 0:2 |
| UBK:UMFS | 62:72 | 59:55 |
| Haukar:UMFG | 54:64 | 62:100 |
| Þór:UMFG | 55:57 | 61:90 |
| Haukar:UBK | 60:71 | 58:77 |
| Þór:UBK | 42:36 | 55:51 |
| UMFS:Haukar | 55:52 | 65:78 |
| UMFG:UMFS | 81:69 | 80:68 |
| UBK:UMFG | 73:53 | 68:61 |
| Þór:ÍBÍ | | |
| Þór:Haukar | 56:69 | |

Lokastaðan í 2. deild.

| | |
|--------|---------|
| UBK | 14 stig |
| UMFG | 14 stig |
| ÍBÍ | 10 stig |
| Haukar | 8 stig |
| Þór | 8 stig |
| UMFS | 6 stig. |

UBK og UMFG léku því úrslitaleik um sæti í 1. deild að ári, og í þeirri viðureign sigraði UBK með 68 stigum gegn 61. Sigurvegari: UBK

U MFS leikur því í 3. deild að ári.

3. deild:

Í 3. deild léku 10 lið og var þeim skipt í þrjá riðla. Í riðli sem hér verður kallaður A léku: UMFL, Selfoss IBK, Skipaskagi og ÍV. Úr þessum riðli komu tvö lið til keppni í úrslitum.

Í riðli B léku: USVH, Tindastóll og KA. Efsta liðið komst í úrslitakeppnina.

Í riðli C léku. ÚÍA og Hörður, og sigurvegarinn fór í úrslitakeppnina.

Úrslit urðu:

| A Riðill: | (leikin tvöföld umferð) | |
|------------------|-------------------------|-------|
| UMFL:Selfoss | 87:55 | |
| ÍBK:Selfoss | 67:29 | 64:36 |
| ÍV:Selfoss | | |
| ÍBK:ÍV | 37:44 | 49:59 |
| UMFL:ÍBK | 68:34 | 70:67 |
| Skipask.:Selfoss | | 38:56 |
| ÍBK:Skipaskagi | 68:17 | |
| ÍV:UMFL | 48:69 | 55:71 |
| UMFL:Skipaskagi | 97:56 | 81:46 |
| ÍV:Skipaskagi | 2:0 | |

Sigurvegari í riðlakeppninni varð UMFL, no 2 var ÍV, og fóru bæði liðin í úrslitakeppnina.

Riðill B:

| | | |
|-----------------|-------|-------|
| USVH:KA | 33:35 | 34:42 |
| Tindastóll:USVH | 56:31 | 45:42 |
| KA:Tindastóll | 78:67 | 36:51 |

Lið KA og Tindastóls urðu því efst og fjöfn og í aukaleik sigraði lið Tindastóls með 37 stigum gegn 34.

Riðill C:

| | | |
|------------|-------|-------|
| Hörður:ÚÍA | 55:65 | 59:75 |
|------------|-------|-------|

Sigurvegari: ÚÍA

Úrslitakeppnin:

| | |
|---------------|-------|
| ÚÍA:UMFL | 70:77 |
| Tindastóll:ÍV | 52:83 |

Keppnin um 3. sætið ÚÍA:Tindastóll 69:54

Keppnin um laust sæti í 2. deild að ári:

| | |
|---------|-------|
| UMFL:ÍV | 66:58 |
|---------|-------|

Sigurvegari í 3. deild 1976 UMFL.

Meistaraflokkur kvenna.

Þátttökuliðin voru 6 talsins, og var í fyrsta skipti leikin tvöföld umferð.

ÚRSLIT:

| | | |
|-----------|-------|-------|
| KR:Fram | 63:25 | 45:37 |
| Þór:UMFS | 38:18 | 2:0 |
| ÍS:ÍR | 24:43 | 30:47 |
| ÍS:KR | 31:46 | 35:56 |
| Þór:ÍS | 39:24 | |
| ÍR:KR | | |
| Fram:UMFS | 46:33 | |
| Þór:ÍR | 42:12 | 53:44 |

| | | |
|----------|-------|-------|
| UMFS:ÍS | 25:45 | |
| Fram:Pór | | 24:35 |
| KR:Pór | 27:38 | 33:35 |
| UMFS:ÍR | 60:53 | |
| ÍR:Fram | 64:32 | |
| KR:UMFS | 60:42 | |
| ÍS:Fram | 22:24 | |

Það kemur vel fram í þessari upptalningu hversu slæmar heimtur urðu á leikskýrslum. Þó sendi mótanefnd bréf til allra þátttökuliða, og lagði mikla áherslu á að það lið sem ætti heimaleik hverju sinni sendi leikskýrslu strax að leik loknum inn til nefndarinnar. Þó ber þess að geta, að lið UMFS dró sig til baka áður en keppni lauk og því þurfa eyðurnar ekki að vera jafnmargar og sýnist.

En það lék enginn efi á hvaða félag bar hér sigur úr bítum. Eitt þátttökuliðanna sigldi gegn um allt mótið án þess að fá á sig ósigur, og sigur þess félags var því glæsilegur.

ÍSLANDSMEISTARI 1976 ÞÓR:

1. flokkur karla.

Fimm lið tóku þátt í keppni 1. flokks.

Úrslit:

| | |
|-------------|-------|
| Valur:Fram | 55:67 |
| KR:Fram | 85:47 |
| ÍR:Ármann | 45:78 |
| ÍR:Fram | 0:2 |
| KR:Valur | 2:0 |
| KR:Ármann | 82:69 |
| Ármann:Fram | 70:56 |

| | |
|----------------------|-----------|
| ÍR:Valur | |
| Ármann:Valur | 2:0 |
| KR:ÍR | 101:51 |
| Íslandsmeistari 1976 | <u>KR</u> |

2. flokkur karla.

Hér tók þátt 7 félag, og var leikin einföld umferð í einum riðli.

Úrslit:

| | |
|--------------|-------|
| UMFN:Valur | 41:39 |
| Fram:Valur | 36:37 |
| ÍBK:UMFN | 35:39 |
| ÍR:Valur | 52:63 |
| Ármann:ÍBK | 2:0 |
| Ármann:UMFN | 18:82 |
| Fram:ÍR | 59:39 |
| ÍBK:ÍR | 46:44 |
| Ármann:Valur | 33:58 |
| UMFN:Fram | 36:50 |
| UMFN:ÍR | 62:50 |
| ÍBK:Fram | 39:41 |
| ÍBK:UMFS | 41:40 |
| ÍR:Ármann | 79:26 |
| UMFS:Valur | 63:78 |
| UMFS:Fram | 27:51 |
| ÍBK:Valur | 42:68 |
| ÍR:UMFS | 57:30 |
| Ármann:Fram | 22:69 |
| UMFS:UMFN | 32:62 |
| Ármann:UMFS | 15:74 |

Að riðlakeppninni lokinni stóðu þrjú lið uppi efst og jöfn, og þurftu því að leika til úrslita um Íslandsmeistaratiðilinn. Þetta vorullið Vals, UMFN og Fram. Leikirnir í úrslitakeppninni fóru svo:

| | |
|------------|-------|
| UMFN:Fram | 58:53 |
| Valur:Fram | 49:54 |
| UMFN:Valur | 64:44 |

Íslandsmeistari í 2. fl. 1976 UMFN

3.fl. karla.

Í a riðli tóku þátt: KR, ÍR, Valur, UMFS, Selfoss, Fram og Ármann. Úrslit urðu þessi:

| | |
|----------------|-------|
| KR:ÍR | 46:26 |
| ÍR:FRAM | 26:27 |
| KR:Ármann | 53:12 |
| Ármann:Selfoss | 0:2 |
| UMFS:ÍR | |
| Valur:Selfoss | 24:20 |
| KR:Valur | 48:24 |
| UMFS:Selfoss | 28:25 |
| Ármann:UMFS | |
| UMFS:Fram | 28:26 |
| Ármann:Valur | |
| Valur:Fram | 13:26 |
| KR:Fram | 40:33 |
| Ármann:Fram | 18:47 |
| Selfoss:ÍR | 34:29 |
| KR:UMFS | 26:18 |
| KR:Selfoss | 41:26 |
| Ármann:ÍR | 28:43 |
| Selfoss:Fram | 19:31 |
| UMFS:Valur | 27:11 |
| Valur:ÍR | |

Sigurvegari í A riðli KR

B-riðill.

Þátttökulið voru 5 talsins, ÍBK,UMFG,UMFN,Haukar og UBK. Úrslit urðu þessi.

| | |
|-------------|-------|
| ÍBK:UMFG | 24:18 |
| Haukar:UBK | 52:17 |
| UMFN:UBK | |
| ÍBK:Haukar | |
| Haukar:UMFG | 49:26 |
| ÍBK:UMFN | 15:25 |
| UMFN:UMFG | |
| Haukar:UMFN | 34:22 |
| UMFG:UBK | |
| UBK:ÍBK | 12:23 |

Sigurvegari í riðli B varð lið Hauka.

C-riðill:

Hér tilkynnu 3 lið þátttöku, Tindastóll, Þór og KA.KA dró sig síðan úr keppni, þannig að Þór og Tindastóll léku hveinan úrslitaleik.

Tindastóll:Þór 26:15

Sigurvegari í riðli C varð því Tindastóll.

D-riðill:

Hér voru 3 lið skráð til keppni, KFÍ, Hörður og Snæfell. KFÍ mætti ekki til leiks og léku því hin liðin tvö til úrslita. Áður en þeim leik lauk, yfirgaf lið Harðar leikvöll í mótmælaskyni, og sigraði því Snæfell í riðlinum.

Sigurvegari í C riðil Snæfell.

ÚRSLITAKEPPNIN:

Það voru því lið KR, Hauka, Tindastóls og Snæfells sem mættu í úrslitakeppnina. Þar fóru leikir þannig:

| | |
|--------------------|-------|
| Haukar:Tindastóll | 26:27 |
| Haukar:Snæfell | 43:13 |
| KR:Tindastóll | 25:33 |
| Haukar:KR | 36:31 |
| Tindastóll:Snæfell | 30:16 |
| Snæfell:KR | 31:27 |

Íslandsmeistari 1976 Tindastóll.4. fl. karla.

Í A riðli léku KR, Valur, Fram, ÍR, Ármann, Selfoss og UMFS. Úrslit urðu þessi.

| | |
|----------------|-------|
| KR:Valur | 15:12 |
| Fram:Valur | 14:8 |
| ÍR:Selfoss | 19:4 |
| KR:Ármann | 19:11 |
| UMFS:Ármann | 0:2 |
| Valur:Selfoss | 3:10 |
| ÍR:Ármann | 27:9 |
| UMFS:Fram | 11:18 |
| KR:ÍR | 14:19 |
| KR:Fram | 20:30 |
| UMFS:ÍR | 11:44 |
| UMFS:KR | |
| Ármann:Fram | |
| Ármann:Selfoss | 13:6 |
| ÍR:Valur | 21:15 |
| KR:Selfoss | 17:14 |
| UMFS:Valur | 11:25 |

| | |
|--------------|-------|
| Selfoss:Fram | 13:8 |
| UMFS:Selfoss | 9:15 |
| Valur:Ármann | 15:28 |
| ÍR:Fram | 17:16 |

Sigurvegari í A riðli varð lið ÍR

B riðill.

Í þessum riðli léku 5 lið, ÍBK, UMFN, UMFG, Haukar og UBK. Úrslit urðu þessi:

| | |
|-------------|-------|
| ÍBK:UMFG | 10:8 |
| Haukar:UBK | 26:11 |
| UMFN:UBK | |
| ÍBK:Haukar | |
| Haukar:UMFG | 53:4 |
| ÍBK:UMFN | 15:32 |
| UMFG:UMFN | 2:16 |
| Haukar:UMFN | 20:11 |
| UMFG:UBK | |
| UBK:ÍBK | |

Sigurvegari í B riðli varð lið Hauka.

C riðill. Sigurvegari án keppni Tindastóll.

D riðill. Sigurvegari án keppni Hörður.

ÚRSLITAKEPPNIN:

Það voru því lið ÍR, Hauka, Tindastóls og Hörðar sem mættu í úrslitakeppnina. Úrslit urðu þessi.

| | |
|-----------------------|----------------|
| ÍR:Haukar | 18:35 |
| ÍR:Tindastóll | 25:4 |
| Hörður:Tindastóll | 20:17 |
| Hörður:ÍR | 19:28 |
| Tindastóll:Haukar | 5:24 |
| Haukar:Hörður | 18:14 |
| Íslandsmeistarar 1976 | <u>Haukar.</u> |

2. fl. kvenna.

Aðeins tvö félög sendu lið til keppni í 2.fl. kvenna Hörður og ÍR.

Hörður:ÍR

24:22

Íslandsmeistarar 1976 Hörður.

Eftirmáli.

Menn eru ekki á eitt sáttir um það með hvaða aðferð skal starfrækja mótanefnd, enda hafa nú s.l. ár verið gerðar ýmsar tilraunir með skipan nefndarinnar. Reynt hefur verið að hafa þrjú manna nefnd sem hefur með öll mál að gera, eitt árið var framkvæmdastjóri einnig með mótanefnd aleinn og nú hefur einnig verið reynt í framkvæmd það skipulag sem samþykkt var að tillögu stjórnar KKI á síðasta ársþingi.

Það held ég að verði að segjast eins og er, að það skipulag sem viðhaft var s.l. keppnistímabil hafi reynst einna verst af þessu öllu. Kölluð var saman fyrir upphaf keppnistímabilsins svökölluð stóra-mótanefnd sem kaus sér síðan þrjú manna framkvæmdanefnd. Þessi þrjú manna framkvæmdanefnd átti síðan að "reka" mótið, en ef stór ágreiningsefni komu upp skyldi kalla stóra-mótanefnd saman til að taka ákvörðun.

Það hlýtur að vera æskilegt að hafa stóra-mótanefnd ef þannig ágreiningsatriði koma upp að það er erfitt að taka ákvörðun. En ætli sú lausn væri ekki farsælust hvað varðar daglegan rekstur Íslandsmótsins að þar stjórnaði einn maður. Hvað á t.d. að gera ef vandamál koma upp á laugardegsmorgni varðandi leiki sem eiga að fara fram á helginni sem í hönd fer t.d. samgönguferfiðleikar. Þá þarf ábyrgur aðili sem getur tekið ákvarðanir á eigin spýtur strax, en ef hann hefur tvo menn sér við hlið í framkvæmdanefnd er það auðvitað erfiður hlutr að taka þesse ákvörðun án samræðs við þá.

Á þetta reyndi oft á s.l. keppnistímabili og form. fráfarandi mótanefndar viðurkennir hér með að hann tók margar ákvarðanir án samráðs við meðnefndarmenn sína. Skyldi besta lausnin ekki vera sú að ráða einn mann til að sjá um daglegan rekstur Íslandsmótsins, mann sem yrði ábyrgur gagnvart stóru-mótanefnd. Mann sem hefði tíma til þess að hafa fastan viðtalstíma 3 klst. á dag og fengi starf sitt vel greitt:

Þessu er einungis skotið hér fræm til athugunar.

Skýrsla mótanefndar getur ekki lokið án þess að Steini Sveinssyni framkvæmdastjóra KKI séu þökkuð hans miklu störf í þágu nefndarinnar og er ekki gott að segja hvar nefndin hefði staðið án hans aðstoðar.

SKÝRSLA UNGLINGANEFNDAR:

Verkefni unglिंगanefndar síðastliðið starfsár var tvenns konar. Annars vegar undirbúningur og þátttaka í Evrópumóti Cadetta, sem fram fór í Grikklandi í júlí 1975 og hins vegar í Evrópumóti Juniora sem fram fór í Tyrklandi í síðasta mánuði.

Evrópumót Cadetta í Saloniki (Grikklandi) 15.-24. júlí 1975

Eins og fram kom á síðasta ársþingi KKI hjá Boga Þorsteins-syni (þá nýkominn af FIBA-þingi í Álsír), var íslenska unglíngalandsliðið boðið velkomið til Grikklands þrátt fyrir þau mistök, að liðið hefði verið valið eldra en leyfilegt var. Haldinn var fundur með piltunum og tekin ákvörðun um að taka boðinu. Æfingar höfðu legið niðri meðan málsúrslita var boðið, en er þessi niðurstaða lá fyrir, var strax tekið til við æfingar að nýju, af miklum krafti og æft 3svar í viku frá júníbyrjun og til utanfarar. Ás mættu 24 piltar til æfinga fyrir þetta mót á 54 æfingar, frá 15. janúar og til 12 júlí 1975.

Æfingasókn hjá keppnisliði var 87%. Upphaflega var ákveðið að fara með 11 pílta til mótsins, en á síðustu stundu forfölluðust 2 þeirra, þannig að ekki fóru nema eftirfarandi 9 piltar til Grikklands:

| | |
|------------------------|------------|
| Bjartmar Bjarnason | Snæfelli |
| Erlendur Markússon | ÍR |
| Ómar Sigurðsson | Ármani |
| Ómar Þráinsson | Fram |
| Óskar Baldursson | Breiðablik |
| Pétur Guðmundsson | Val |
| Ríkhartur Hrafnkelsson | Val |
| Þorkell Sigurðsson | Fram |
| Þorvaldur Geirsson | Fram |

Úrlsit leikja:

| | | |
|---------------------------|--------|---------|
| 15/7 Ísland-Tékkoslóvakía | 43:114 | (14:53) |
| 16/7 Ísland-Pólland | 57:111 | (28:46) |
| 17/7 Ísland-Austurríki | 51:48 | (19:21) |
| 18/7 Ísland-Sovétríkin | 39:108 | (20:45) |
| 19/7 Ísland-Skotland | 75:44 | (36:24) |
| 21/7 Ísland-Ísrael | 69:118 | (30:63) |
| 22/7 Ísland-Pólland | 53:107 | (24:60) |
| 23/7 Ísland-England | 65:54 | (33:20) |
| 24/7 Ísland-Frakkland | 54:58 | (20:24) |

Að öðru leyti vísast til skýrslu fararstjóra Páls Júlíussonar, en honum til aðstoðar var Sigurður Valur Helldórsson.

Evrópumót Juniora í Antalya (Tyrklandi) 16.-18. apríl '76.

15. sept s.l. voru 16 piltar kallaðir saman til æfinga, og var æft vikulega til áramóta, auk æfingaleikja. Sá munur var þó á undirbúningi þessa hóps og hins fyrri, að einn af lykilmönnum liðsins Pétur Guðmundsson var við nám í Bandaríkjunum og kom ekki hingað til lands fyrr en nokkrum dögum fyrir utanferð. Reynt var að leysa þessa vandamál með því að báðir æðilar æfðu sömu leikkerfi og varð árangur frem úr vonum. Eftir áramót var æfingaleikjum fjölgað, en ógjörlegt reyndist að fjölga æfingum. Samtals voru æfingar 48 auk 19 æfingaleikja. Æfingasókn keppnisliðs var 77%. Helstu fjáröflunarleiðir voru happdrættismiðasala og ritaratímavarsla í Íslandsmótinu og Bikarkeppninni. 12 piltar voru valdir til fararinnar. Þeir voru.

| | |
|------------------------|------------|
| Birgir Thorlacius | Fram |
| Erlendur Markússon | ÍR |
| Pétur Guðmundsson | Val |
| Ríkharður Hrafnkelsson | Val |
| Óskar Baldursson | Breiðablik |
| Ómar Sigurðsson | Ármani |
| Ómar Þráinsson | Fram |
| Þorvaldur Geirsson | Fram |
| Þórir Einarsson | Fram |
| Örn Þórisson | Fram |
| Sigurjón Ingvarsson | Fram |
| Þorsteinn Bjarnason | UMFN |

Í Antalyu var síðan valið lo manna lið og sátu hjá í leikjunum þeir Örn Þórisson og Sigurjón Ingvarsson.

Úrslit leikja:

| | | |
|----------------------|-------|---------|
| 16/4 Ísland-Finnland | 62:67 | (38:28) |
| 17/4 Ísland-Tyrkland | 51:88 | (24:38) |
| 18/4 Ísland-England | 76:68 | (32:34) |

Þátttökubjóðir áttu upphaflega að vera 6, en ýmissa orsaka vegna urðu þær ekki nema 4, svo sem rakið er í skýrðu fararstjóra, Steins Sveinssonar og vísast að öðru leyti til hennar.

Skortur á æfingátímum hefur verið helsta vandamál unglinga-nefndar s.l. vetur. Var farið fram á það við ÍBR að fá inni í einhverju íþróttahúsanna og endirinn varð sá að UL-nefndin fékk 2 tíma á viku í Arbæjarskóla, en vegna smæðar íþróttasalar varð sáralítið gagn af þessum tímum. Varð því að notast við afgangstíma áfram, tíma sem eru seint á kvöldin og nýtast því illa. Verður gerð önnur tilraun í sumar til að fá skaplega tíma næsta vetur. Nú er til staðar hópur pílta á aldrinum 19-21 árs, sem nokkra keppnisreynslu hefur í landsleikjum. Hóp þennan er hægt að kalla saman með stuttum fyrirvara

Vill unglínganefnd benda á þann möguleika, að koma á landsleikjum liða yngri en 23ja ára. Er rétt að hafa það í huga við samninga um landsleiki eldra liðs.

Það sem framundan er nú hjá unglínganefnd er Norðurlandamótið (piltar f. 1958 og síðar) sem haldið verður í Noregi í jan. n.k. og Evrópumót Cadeta (piltar f. 1960 og síðar), sem haldið verður næsta sumar, en óvíst um keppnisstað.

Hópur sé, eræfir fyrir Norðurlandamótið, hefir æft saman síðan í janúar s.l., auk þess sem nokkrir piltar úr þeim hópi tóku þátt í Tyrklandsferðinni. Æfingar hjá báðum þessum hópum hefjast að nýju um miðjan maí. Verður æft2svar í viku fram til 7. águst, en þá verður haldið til Laugarvatns, þar sem dvalið verður í viku. Einnig er verið að vinna að hugsanlegri utanferð í haust fyrir lið það, sem tekur þátt í Norðurlandamótinu.

Unglínganefnd vill að lokum þakka gott samstarf við stjórn KKÍ, Boga Þorsteinssyni góða úrlausn mála í sambandi við EM í Grikklandi, svo og fararstjórunum í þessum ferðum fyrir mikla aðstoð við allann undirbúning og röggsama stjórn í ferðunum.

Kristinn Stefánsson
Gunnar Gunnarsson

FERÐ UNGLINGALANDSLIÐS ÍSLANDS TIL GRIKKLANDS 13.7-27.7 1975

Utan var haldið 13.7.75 kl. 8.30 ferðin gekk vel að undantekinni seinkun hjá Olympic Airways og verkfalli afgreiðslumanna farangurs í London.

Komið var til Apenu kl. 21.00 þar skeði það að hemlar frusu í lendingu (vinstri aðalhjól) stoppaði vélin ískyggilega fljótt og skildi eftir sig svartar rákir á flugbraut, hafði vélin snúist um 30-45 gráður. Þaðan vorum við dregnir inn að flugskýli og svo ekið með okkur að flugafgreiðslu.

Stoppað var um einn tíma aður en flogið var til Saloniki, þangað var komið kl. 02.00. Tekið var á móti okkur og Pólska liðinu, sem hafði orðið samferða okkur frá Apenu, af fulltrúum Gríska sambandsins og fluttir á háskola Saloniki, þar sem við gistum í heimavist.

Er þangað var komið var fljótt gengið til hvílu, þar eð ferðin hafði tekið um 14 tíma. Vaknað var kl. 7 um morgunn og snæddur morgunverður í matsal háskólans og þótti flestum lítið til hans koma, þurrt brauð m/smjóri sulta, ostur og heitt kakó eða flóuð mjólk, annars var matur yfirleitt góður, maður varð bara að venjast honum. Eftir var kl. 13.00 - 14.00 þann dag.

Fyrsti leikur okkar var við Tékka 15.7 kl. 8.30 fyrir hádegi og lauk honum 114-43 fyrir Tékka, okkar álit var að þeir stóðu sig vel, komandi úr 5 stiga hita á Íslandi í 45 stig úti og keppa svo við menn sem má kalla hérumbil atvinnumenn.

Horft var á aðra leiki mótsins fram yfir hádegi, snætt og hvílst fram á kvöld, síðan horft á leiki kvöldsins, síðan farið heim og gengið til hvílu.

Ekki var mikið aðhafst næsta dag, þenn 16.7, þar eð við áttum leik við Pólland um kvöldið kl. 18.30 - sá leikur fór aðeins betur en sá fyrsti 111-57.

17.7. áttum við leik við Austurríki kl. 8.30, drengirnir búnir að finna sig betur í hitanum, leikurinn var mjög jafn og staða í hálfleik 21-19 fyrir Austurríki, þegar fór að líða á seinni hálfleik varð munurinn meiri en svo tók allt að ganga upp hjá okkur, fórum hægt fram úr og unnum 51-48.

Horft var á leiki morgunsins, Eftir það var öllum leyft að fara í stutta verslunarferð niður í borgina.

Um kvöldið var aftur horft á leiki kvöldsins og síðan heim til hvíldar.

Vaknað var 18.7.75 með þá ógnun að spila við stórveldið Rússland, lauk þeim leik með sigri Rússa 108-39. Var þessi leikur mjög vel spilaður af okkar mönnum á móti atvinnuliði, sem hafði æft saman í 3 ár, eins og okkur var sagt af austantjaldsmönnum þar á meðal Ungverska yfirdómara mótsins.

Aftur var gefir frí og okkar mjög svo góði leiðsögumaður sem var með okkur allan tímann í Saloniki, tók okkur á bestu verslunarstaði borgarinnar.

Næsti leikur var við Skotland 19/7.75 og með því að vinna þá gátum við komist í úrslitakeppni um 9-16 sæti, í þeim leik var eins og allt gengi eins og óskað var eftir og unnum við 75-44.

Sunnudaginn 20.7.75 var öllum liðum boðið, af gríska sambandinu, í frábæra ferð til einkabaðstrandar, sem var um 1 kl. ferð frá Saloniki, þar sem menn gátu óskað sér frá mini golfi, körfubolta, tennis til sólbaðs, útisundlaugar og nátturlega sjávarsunds og margt fleira. Komu sumir frekar rauðir til baka, þótt þeir hefðu verið aðvaraðir og vaktaðir af þeim reyndari.

Mánudaginn 21.7.75 lékum við gegn Ísrael og virtist allt ganga á afturfótunum. Besta útskýringin kom frá þjálfara Ísrael, þegar ég talaði við hann eftir leikinn, "Sólin er eins og vítamínssprauta fyrir okkur en eitur fyrir ykkur." Úthald virtist hafa gufað upp í sólinni daginn áður. Töpuðum við 118-69.

Annar leiku, sem sólin eflaust hafði áhrif á, var annar leikur okkar við Pólland, þar töpuðum við 107-53.

23.7. var hvíldardagur samkvæmt dagskrá, en ekki hjá okkur Íslendingum; þar sem við spiluðum vináttu landsleik við England og sigruðum 65-54.

Síðasti leikur ferðarinnar var gegn Frakklandi, þar sem leikið var um 15-16 sæti í mótinu. Leikurinn var mjög jafn og höfðum við forystu í leiknum lengst af en datt niður á seinustu mínutum, var þá þreytan farin að láta sjá til sín.

25.7. var haldið til Apenu og var þar smá misskilningur með hótelið, en var leiðrétt og fengum við fyrsta flokks hótél, mun betra en upprunalega frátekið. Skipulögð var ferð til að skoða Apenu daginn eftir, menn skemmtu sér aðeins um kvöldið og enduðu allir snemma um kvöldið heim á hóteli, þar eð þótti frekar dýrt, enda munu sumir hafa brennt sig illa á því þegar kvenkyninu var boðin vinstrihöndin.

26.7. Snemma var risið upp um morguninn og farið var í sólbað við sundlaug hételsins, sem var á þaki þess. Strax eftir hádegi var farið í skoðunarferð um þessa gömlu borg, sem hefur svo mikið upp á að bjóða, fornir staðir skoðaðir og nutu allir til hins ýtrasta. Um kvöldið var slappað af á hótelinu, eftir að nokkrir fóru út, var þar hlustað á píanóleiki inn á mjög svo skemmtilegum bar og lobbý sameiginlegu.

27.7 var haldið út á flugvöll snemma um morguninn og
í loft fórum við kl. 10.00
Heim var komið kl. 4.00

Eftirþankar.

Þegar maður hugsar um þessa ferð, þá get ég ekki
annað en sagt að þessir ungu menn stóðu sig meira
en vel. Það er erfitt að koma úr 5-7 stiga hita
í 45 stiga hita og ætlast til að þeir skili 100 %
árangri, hvað þá heldur þegar í hlut eiga lönd sem
skipa atvinnuliðum. Að vinna 3 leiki af 9 það tál
ég meira en 100 prósent árangur. Enda kom það fram
hjá flestum, sem við töluðum við, að íslenska liðið
kom mest á óvart af öllum liðum. Má þar nefna að
yfirdómari mótsins, Dr. Hepp frá Þingverjalandi, taldi
það algjöra undrun að lítil þjóð eins og Ísland gæti
skipað í lið þetta mörgum góðum körfuknattleiksmönnum.
Frankoma þeirra, á alla vegu, var til sóma fyrir
Ísland og starf fararstjóra mjög auðvelt.

Páll Júlíusson

ÞEYRSLA FARARSTJÓRNAR VEGNA FERÐAR UNGLINGA-
LANDSÍÐS TIL TYRKLANDS 12/4 - 21/4 1976.

12/4. Haldið var upp frá Keflavík með FÍ kl. 8.30. Skipt var um vél í Glasgow og síðan aftur í London og komið til Istanbul kl. 20.30 að tyrkneskum tíma. 2 menn frá tyrkneska sambandinu tóku á móti hópunum á flugvellið, en með flugvélinni kom einnig enski hópurinn. Áætlað var að fljúga beint til Antalya kl. 21.30, en eftir tveggja tíma bið kom í ljós að ófært var þangað. Var því gíst eina nótt í Istanbul á kostnað Türk Hava Yollari. Kom í ljós í samtölum við Tyrkna þá um kvöldið, að hvorki Fékkar né Ísraelar kæmu til mótsins.

13/4. Lagt var af stað frá Istanbul kl. 9.30 morguninn eftir og lent í Antalya klukkustundu síðar. Antalya heilsaði með sól og blíðu og reyndist vera 50 þús. manna bær við strönd Miðjarðarhafsins og fjölskrúðug ræktun og gróðurlendi allt í kring. Þá var ekið sem leið lá til dvalarstaðar, sem reyndist vera n.k. Ölfusborgir 12 km. fyrir utan bæinn sjálfan. Þar var síðan dvalið þá 6 daga, sem við vorum í Antalya, ásamt Finnum og Englendingum. Voru 2-3 um hvert herbergi. Þá fengum við í hendur dagskrá mótsins og skipulagða æfingatíma og var farið á fyrstu æfinguna kl. 14-16 þennan dag. Reyndist íþróttahúsið mjöggóð bygging í Antalya og var hverri keppnistjóð ætlað sérstakt búningsherbergi allt mótið.

14/4. Er nættvar til morgunverðar þennan dag, reyndust Finnar kommir á staðinn. Var haldið af stað með allan hópinn í þriggja klt. útsýnis- og kynnisferð um héraðið og sáu við þá m.a. fallega fossa og "mini Grand Canyon". Seinna um daginn var síðan 1 1/2 klt. æfing.

15/4. Dagurinn var notaður til afslöppunar og farið á æfingu seinni hluta dagsins.

16/4. Um morguninn var stutt æfing hjá piltunum. Boðað var til fundar með þjálfurum, fararstjórum og dómurum allra liða kl. 11.00 og var eftirlitsmaður FIBA og formaður tyrkneska sambandsins þar í forsvari. Voru rædd ýmis skipulagsatriði

mótsins, en mestur tíni fór í umræður varðandi þá yfirlýsingu eftirlitsmanns FIBA að sér hefði verið tjáð í símtali að Fékkar færu þekki til mótsins vegna afstöðu stjórnvalda þar og Ísraelar færu beint á lokakeppnina á Spáni af öryggisástæðum, en þar af leiðandi færi aðeins 1 lið úr þessum riðli á lokakeppnina á Spáni. Greip um sig mikil reiði meðal fulltrúa Finna, Englendinga og Íslendinga vegna þessa og var yfirlýsingunni eindregið mótmælt, þar sem þarna væri verið að fara aftan að hlutunum. Var síðan samþykkt tillaga okkar um að semja bréf til FIBA og þar tekið fram að þjóðirnar kepptu í mótinu eftir þeirri reglu að 2 þjóðir færu áfram, enda ekkert annað til skriflegt.

Aður en fyrsti leikur mótsins hófst var stofnað til mikillar danssýningar af héraðsbúum en síðan voru liðin kynnt og mótið sett.

Fyrsti leikur okkar var síðan við Finna og er skémmst frá því að segja að okkar menn leiddu leikinn frá byrjun allt fram á 15. mín. seinni hálfleiks. Munurinn var ávallt 8-lo stig og í hálfleik var staðan 38-23. Á 13. mín. sinni hálfleiks fór leikurinn að snúast við og lauk honum með sigri Finna 67-62. Þessi leikur var mjög vel leikinn að hálfu okkar piltar og barátta þeirra aðáunarverð. En sár var þessi ósigur, þar sem við misstum þar með af lestinni á lokakeppnina á Spáni.

Síðari leikurinn þennan dag var milli Tyrkja og Englendinga og sigruðu Tyrkir 102-59.

17/4. Um morguninn var stutt æfing, en annar leikur piltanna hófst síðan kl. 19.30 um kvöldið. Satt að segja þjuggunst við ekki við miklu, en öllum á óvart stóðu okkar menn í Tyrkjunum framan af og héldu þeir jöfnu fram á 10. mín. fyrri hálfleiks. Þá fóru Tyrkir að síga fram úr og endaði leikurinn með sigri þeirra 88-51. Eigi að síður sýndu piltarnir mjög góðan leik á köflum og börðust af mikilli grimmd, en Tyrkir voru engin lömb að leika sér við, enda með langsterkasta liðið í mótinu. - Þá unnu Finnar Englendinga 99-77.

18/4. Um morguninn var 1/2 klt. æfing að venju og síðan var slakað á og rætt um leikinn um kvöldið. Sá leikur var gegn Englendingum og fór fram kl. 18.00. Var leikurinn mjög jafn lengst af, en Englendingar höfðu yfirleitt frumkvæðið, þetta 2-6 stig. Á 14. mín. seinni hálfleiks snérist dæmið loks við okkar mönnum í hag og lyktaði leiknum með sigri Íslands 76-68. Þessi leikur var lakar leikinn af hálfu piltanna en hinir 2 og má eflaust um kenna tauga-spennu, en á lokasprettinum reyndust þeir sterkari á svellinu og var mikill fögnuður í herbúðum landans að lokinni halastífingunni.

Síðasti leikur mótsins var síðan milli Tyrkja og Finna og sigruðu þeir fjórnafndu 77-59.

Röð liðanna varð því þannig:

1. Tyrkland 6 stig
2. Finnland 4 stig
3. Ísland 2 stig
4. England 0 stig

Þess má geta að Pétur Guðmundsson var stigahæstur allra leikmanna í mótinu og tók flest fráköstin. Auk þess hafði hann bestu prósentuhittni utan af velli.

Mótinu var slitið með stuttri en hátíðlagri athöfn, þar sem liðin voru leyst út með gjöfum. Þá fengu og fararstjórar, þjálfara og dónarar persónulegar gjafirþx. Þökkuðu fararstjórar fyrir gestrisni og góðar móttökur.

19/4 og 20/4. Daginn eftir var haldið til Istanbul og dvalið þar í 2 daga. Var borgin skoðuð og verður það mörgum minnisstætt að hafa dvalið í þessari borg, sem hefur þá sérstöðu að vera í 2 heimsálfum.

21/4. Haldið var heim á leið í bítið um morguninn og flogið um París-Glasgow-London-Reflavík. Fók allt ferðalagið 15.klt. og voru það þeyttir en ánægðir piltar, sem stigu hér á land eftir vel heppnaða ferð. Má fullyrða²⁰ þeirvoru landi sínu og íslenskum körfuknattleik til mikils sóma í allri ferðinni.

Steinn Sveinsson
Gunnar Gunnarsson

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR.

Landsliðsnefnd skipuðu þeir Gylfi Kristjánsson sem var form., Páll júlíusson og Einar Bollason.

Fyrsta verkefni nefndarinnar var að kalla saman um 20 manna hóp til æfinga s.l. haust, og fyrsta verkefni sem lið KKÍ æfði fyrir var leikur gegn liði Rose Hulman, bandaríks háskólaliðs sem var á lið í keppnisferð til Evrópu í desember.

Sú ákvörðun var tekin af stjórn KKÍ., að lið okkar skyldi í þessum leik styrkt með bandaríkjamönnum tveim Jimmy Rogers og Curtiss Carter, og var þetta gert með það í huga að laða að fleiri áhorfendur. Þetta tókst og sigur vannst einnig í leiknum, okkar menn sigruðu með 92 stigum gegn 76 stigum R.-Hulman .

Sendiherrekeppnin.

Lið KKÍ lék þrjá leiki af fimm sem leiknir voru í keppninni, en í hinum tveim tefldi KKRR fram liði Reykjavíkur talsvert breyttu. Voru þessir leikir kærkomin æfing fyrir landsliðshópin sem þá æfði fyrir landsleikina við OL-Bretlands en það var einmitt næsta verkefni nefndarinnar að velja lið til þátttöku í þeim leikjum.

Island:Gr.Britain:

14 leikmenn voru valdir til þess að taka þátt í leikjunum tveim gegn OL-liði Bretland sem fram fóru í Reykjavík dagana 7.-8. feb. Leikmennirnir voru þessir:

| | |
|---------------------|--------|
| Kristinn Jörundsson | ÍR |
| Kolbeinn Pálsson | KR |
| Kolbeinn Krisinsson | ÍR |
| Kári Mariásson | UMFN |
| Birgir Örn Birgirs | Ármann |
| Bjarni Jóhannesson | KR |
| Jón Sigurðsson | Ármani |

| | |
|------------------------|--------|
| Torfi Magnússon | Val |
| Gunnar Þorvarðarson | UMFN |
| Jónas Jóhannesson | UMFN |
| Björn Magnússon | Ármani |
| Jón Jörundsson | ÍR |
| Gunnsteinn Ingimarsson | Ármani |
| Stefán Bjarkason | UMFN |

Þrír nýliðar voru að þessu sinni í landsliðshópnum, þeir Gunnsteinn Ingimarsson, Jónas Jóhannesson og Björn Magnússon. Úrslit leikjanna urðu þau að bretarnir sigruðu í þeim báðum, þeir unnu þann fyrri með 82 stigum gegn 76 og þann síðari með 81 stigi gegn 74.

Verður þessi árangur að teljast mjög góður af okkar hálfu ef miðað er t.d. við síðustu leiki okkar gegn skotum og englendingum.

Hitt er svo aftur á móti staðreynd að ekki gekk okkur allt í haginn í þessum leikjum, svo að sigur var ekki svo fjarlægur draumur ef heilladísirnar hefðu verið á okkar bandi.

Þjálfari ísl. liðsins í þessum leikjum og undirbúningi fyrir þá var Kristinn Stefánsson.

Landsleikir við Portugal.

Landslið Portugals sótti okkur heim í síðasta mánuði og lék hér þrjá leiki. Landsliðshópurinn sem afði fyrir þessa leiki var upphaflega 16 manns, en þegar að leikjunum sjálfum kom höfðu fjórir þeirra hellst úr lestinni þennig að hópur 12 leikmanna sem lék þessa leiki var sjálfkjörinn ef svo má segja. Leikmennirnir voru þessir:

| | |
|----------------------|------|
| Kolbeinn Pálsson | KR |
| Kolbeinn Kristinsson | ÍR |
| Agnar Friðriksson | ÍR |
| Jónas Jóhannesson | UMFN |

| | |
|------------------------|--------|
| Gunnsteinn Ingimarsson | Ármani |
| Kári Mariasson | UMFN |
| Birgir Jakobsson | ÍR |
| Jón Sigurðsson | Ármani |
| Jón Jörundsson | ÍR |
| Bjarni Gunnar | ÍS |
| Gunnar Þorvarðarson | UMFN |
| Þórir Magnússon | Val |

Sigur vannst í öllum þessum leikjum, þann fyrsta unnum við með 92 stigum gegn 76 og fór sá leikur fram í Laugardalshöll.

Daginn eftir, þ.e. þann 9.4 var leikir í Njarðvík og var það fyrsti landsleikurinn í körfuknattleik sem þar hafði verið háður. Sá leikur vannst með 82 stigum gegn 75 eftir mikla baráttu, og daginn eftir sá enn einn sigurinn dagsins ljóst, nú 102 stig gegn 84 og aftur var leikið í Njarðvíkum. Þóttu leikir þessir mjög góð æfing fyrir pólar Cup sem nú var skammt áramundan.

Fyrirgreiðsla öll í Njarðvík í sambandi við þessa leiki var með miklum ágætum, og Bæjarstjórn þar á staðnum sýndi leikmönnum liðanna og forráðamönnum þann höfðingsskap eftir síðari leikinn að halda veislu þeim til heiðurs.

"Pressuleikur"

Nokkrum dögum fyrir utanför landsliðsins á Polar Cup lék landsliðið gegn B-liði landsliðsnefndar sem var styrkt bandaríkjamanninum Jimmy Rogers. Var þetta síðasta æfing landsliðsins áður en haldið skyldi á Polar Cup. Leikur þessi var jafn og skemmtilegur, en honum lauk með sigri landsliðsins 92 stig gegn 88.

Polar Cup.

Polar Cup var að þessu sinni í Kaupmannahöfn, og fór fram dagana 23. - 25. apríl s.l. Lið Íslands var að þessu sinni skipað eftirtöldum leikmönnum.

| | |
|----------------------|--------|
| Kolbeinn Pálsson | KR |
| Kolbeinn Kristinsson | IR |
| Kári Mariásson | UMFN |
| Jón Sigurðsson | Ármann |
| Birgir Jakobsson | IR |
| Þórir Magnússon | Val |
| Gunnar Þorvarðarson | UMFN |
| Jónas Jóhannesson | UMFN |
| Bjarni Gunnar | IS |
| Símon Ólafsson | Ármann |

Fyrsti leikur Íslands í mótinu var gegn Svíum sem sigruðu með 100 stigum gegn 78. Þetta var sam sænska liðið og við lékum gegn í Wulfenbuttel árið áður en þá töpuðum við með 50 stiga mun. Því næst lékum við gegn Noregi og sigraði Ísland auðveldlega í þeim leik með 84 stigum gegn 63 sem er stærsti sigur okkar yfir norðmönnum frá 1968. Það var því með nokkurri bjartsýni að okkar menn gengu til leiksins gegn erkifjendumum dönum.

Leikurinn var mjög jafn lengi framan af og í hálfleik leiddu danir með 45:41. Þeir höfðu síðan ávallt forystuna í síðari hálfleik og sigruðu með 88 stigum gegn 81. Úrslit sem ollu okkur nokkrum vonbrigum, þótt svo danir væru á heimavelli. Síðasti leikurinn var gegn finnum og sigruðu þeir með 89 stigum gegn 72.

Þessi útkoma í stigum er talsvert betri en áður hefur verið og greinilegt er að við erum að sækja talsvert á svía og finna, þótt okkur hafi ekki enn tekist að vinna sigur gegn þeim. En með sama áframhaldi verður þess vænandi ekki langt að bíða. Framfarir dana eru einnig augljósar en þeir nut þess nú að vera á heimavelli gegn okkur.

Lokastaðan.

| | |
|----------|--------|
| Svíþjóð- | 8 stig |
| Finnland | 6 stig |
| Danmörk | 4 stig |
| Ísland | 2 stig |
| Noregur | 0 stig |

Að öðru leyti vísast til skýrslu færarstjóra sem var Páll Júlíusson.

Forkeppni OL í Hamilton

Eins og öllum er kunnugt tilkynnti KKI þátttöku í forkeppni OL sem fram fór í Edinborg fyrr í þessum mánuði. Fyrir handvömm FIBA var okkur þó úthýst þaðan og var því ekki nema um tvennt að ræða, annar kosturinn var að hætta við þátttöku, hinn kosturinn var að leggja í það ævingýri að taka þátt í forkeppninni í Hamilton í Canada sem fram fer í endaðan júní. Hvorurgur kosturinn var góður, en sá síðari var valinn enda hafði þetta verið takmark sem unnið hefur verið að s.l. ár. En kostnaðarsukinn sem þetta hefur í för með sér er mikill og stuðningur við KKI líftill.

6. þ.m. hófst undirbúningur liðsins fyrir þetta verkefni með því að kallaðir voru saman til fundar leikmenn sem valdir höfðu verið til æfinga fyrir þetta verkefni. Allir þessirleikmenn hafa verið meira og minna viðloðandi landsliðshópinn s.l. ár, nema einn sem hefur á sama tíma verið í Unglingalandsliði okkar. Leikmennirnir sem boðaðir voru til fundarins voru þessir:

| | |
|-----------------------|---------|
| Kolbeinn Pálsson | KR |
| Kolbeinn Kristinsson | ÍR |
| Jón Sigurðsson | Ármanni |
| Kári Marísson | UMFN |
| Brynjar Sigmundsson | UMFN |
| Ingvar Jónsson | Haukum |
| Guðsteinn Ingimarsson | Ármanni |
| Erlendur Markússon | ÍR |
| Agnar Friðriksson | ÍR |
| Birgir Jakobsson | ÍR |
| Gunnar Þorvarðarson | UMFN |
| Þórir Magnússon | Val |
| Torfi Magnússon | Val |
| Bjarni Jóhannesson | KR |

| | |
|---------------------|--------|
| Birgir Guðbjörnsson | KR |
| Stéfán Bjarkason | UMFN |
| Jón Jörundsson | IR |
| Bjarni Gunnar | IS |
| Jónas Jóhannesson | UMFN |
| Björn Magnússon | Ármani |

Þegar þetta er skrifað, er ekki vitað með neinni vissu hverjir þessara leikmanna gefa kost á sér tilæfinga fyrir þetta keppni. Efingar standa nú yfir, og er æft 4 sinnum í viku undir stjórn Kristins Stefánssonar og Birgis Birgils.

Eins og fyrr er getið, er þetta mjög kostnaðarsamt fyrirtæki að senda lið til Canada og er víst að það verður ekki hægt nema með samstilltu átaki.

Af þeim sökum var þess farið á leit við þá leikmenn sem sfa fyrir þetta verkefni að þeir söfnuðu sjálfir u.þ.b. 50 þús. kr. hver upp í ferðakostnað og mun það verða gert auk þess sem landsliðsnefnd hefur á þrjónunum aðrar fjáröflunarleiðir í þessu sambandi.

Allir munu um það sammála að landslið einnar íþrótta-greiner sé andlit hennar út á við og gildir það að sjálfsögðu einnig um landslið okkar körfuknattleiksmanna. Á undanföllum árum hefur landsliðið leikið mjög marga leiki og nánast verið um byltingu að ræða frá fyrri árum. Þetta er kostnaðarsamt fyrirtæki, en er engu að síður nauðsynlegt. Í þessum leikjum hefur okkur gengið bæði vel og illa. Glæstir sigrar hafa unnist en tópin hafa einnig verið stór sum hver. En framfarirnar eru augljósar og ekki má láta staðarnumið. Með tilliti til hans glæsilega árangurs sem unglingslandslið okkar hefur unnið á s.l. árum er full ástæða til að vera bjart-sýn um framtíð körfuknattleiks á Íslandi, við eigum nægan efnivið, hann þarf einungis aðhlynningar við og

draumar sem okkur dreymir í dag eins og t.d. Norður-
landsmeistaratitlar sem óhugsandi var um fyrir fáum árum síðan
eru í sjónmáli berum við gæfu til þess í nánustu framtíð
að hlúa þannig að landsliðum okkar að þau hafi tækifæri á
að láta þessa drauma rætast

Með íþróttakveðju,

Gylfi Kristjánsson sign

Páll Júlíusson sign

FERÐ LANDSLIÐS ÍSLANDS Á POLAR CUP 1976

Utan var haldið fimmtudaginn 22. apríl kl. 8.30 um morgun, ferðin gekk vel og vorum við komnir á Hótel Viking um tvö leytið.

Fyrsti leikur var við svía kl. 11.45 föstudaginn 24. apríl og töpuðum við honum með 100 stigum gegn 78. kl. 2.00 sama dag sótti Erlendur Karlsson og ég fræðslufund haldinn af danske sambandinu, voru þar tekin fyrir ýmis mál sem áhugi var fyrir að t. kin skyldu upp á þiginu sunnudaginn 26 apríl. Rætt var um núverandi fræðslukerfi í hverju landi.

Notkun bandarískra þjálfara var rædd og ákveðið að koma á samvinnu milli Norðurlanda varðandi fræðslumál og fræðsluefni. Samþykkt var að bera fram tillögu um Norðurlanda þjálfaranámskeið sem heldið skyldi í sambandi við Polar Cup og heimaland sjái um í hvert skipti.

Annar leikur var við Norðmenn sama dag kl. 6.30 og unnum við hann með 84 stigum gegn 63.

Þriðji leikurinn var 24. apríl kl. 11.45 og töpuðum við honum eftir harða en jafna keppni með 88 stigum gegn 81.

Sunnudaginn 25 apríl sótti ég Norðurlandaping kl. 9.30 á skrifstofu danske sambandsins. Þar voru allar tillögur fræðslufundar samþykktar.

Samþykkt að Polar Cup karla skyldi haldið á Íslandi 1978 og unglingslandsliðs 1981. Rætt var um möguleika

á Norður Evrópu keppni Holland, Belgía, England, Skotland, Írland, V-Pýskaland, Noregur, Danmörk, Finnland, Svíþjóð, Ísland og ákveðið að taka það til athugunar og taka upp á næsta þingi.

Síðasti leikur mótsins var við finnska landsliðið og var það mjög skemmtilegur leikur mena fyrstu mínútur leiksins en þá náðu finnar forskoti sem dugði þeim fór leikurinn 89-72 fyrir Finnland.

Ferð þessi gekk vel að öllu leyti og var til söma fyrir íslenskan körfuknattleik og vil ég þakka þeim sem sam þátt tóku.

Páll Júlíusson

SKÝRSLA MINNIBOLTANEFNDAR 1976

Minniboltanefnd KKI var skipuð þeim Boga Þorsteinssyni og Ingvari S. Jónssyni.

MB-nefnd hafði forgöngu um tvö MB-mót á starfstímabilinu. Fyrri mótið var haldið í Hagaskóla í Reykjavík og var það fyrirdrengi á aldrinum 8,9, og 10 ára. Yfirumsjón með framkvæmd þess hafði Kolbeinn Pálsson.

Þessi félög sendu lið í mótið: KR 2lið, UMFN 2lið og Ármann sem sendi eitt lið. Sigurvegari varð Ármann.

Dagana 15-16 apríl var haldin MB-hátíð í íþróttahúsi Njarðvíkur. Eftirtalin lið tóku þátt í mótinu:

UMFN-a, Fram-a, KR-a, Ármann-a, Valur-a, Haukar, Fram-b, ÍR, UMFN-b, Valur-b, KR-b, Ármann-b.

Alls tóku því þátt í mótinu 12 lið drengja á aldrinum 11 og 12 ára, frá sex félögum.

MB-nefnd útvegaði aðkomuliðunum gistingu í Unglinga- og barnaskóla Njarðvíkur.

Samningur um fæðissölu þessa tvo hátíðisdaga var gerður við veitingamenn í Stapa. Njarðvíkurbær lánaði íþróttahúsið til keppinnar ár endurgjalds.

Stjórn KKI veitti verðlaunapeninga til handa sigurvegum í báðum aldursflokkum. Verðlaunafhending fór fram að móti loknu í Njarðvík og komu sigurvegarar úr yngra flokki, Ármenningar, suður til Njarðvíkur til að veita verðlaununum viðtöku.

Sigurvegarar í eldra flokki þ.e. keppinni í Njarðvík urðu Kr-ingar, eftir hreinan úrslitaleik við Hauka.

Framkvæmd mótsins var öll mjög til fyrirmyndar.

Stjórn mótsins var í höndum pílta úr 2. og 3. flokki UMFN. Umsjónardómari var Olgeir Sigmarsson, en umsjón með riturum og tímavörðum hafði Jón Viðar Matthíasson.

Leystu hinir ungu menn störf sín frábærlega vel úr hendi og færir NB-nefnd þeim sérstakar þakkir fyrir.

Að kvöldi þess 15. bauð uMFN hinum ungu keppendum til kvikmyndasýningar í æskulýðsheimili Njarðvíkur, sem betur er þekkt undir nafninu Krossinn. Voru þar m.a. sýndar myndir af Harlem Globe Trotters og vöktu þær mikla ánægju hinna ungu körfuknattleikskappa.

Samvinna þjálfara og leikmanna við NB-nefnd á þessu móti, var með miklum ágætum og færir NB-nefnd öllum þátttakendum þakkir fyrir ánægjulegar samverustundir.

Stutt frásögn af MB-hátíð 1976 hefur verið send í MB-þátt Basketball International News.

Því miður virðist MB eiga erfitt uppdráttar í skólum landsins. Minniboltakörfur virðist vanta í flesta skóla og krakkar á MB aldri því látnir æfa á fullorðinskörfur og samkvæmt leikreglum fullorðinna.

Það virðist því vera ástæða til að reyna að ná samkomulagi við menntamálaráðuneytið og íþróttafulltrúa um að minnibolti verði tekinn inn í grunnskólann og að kröfunni um minniboltakörfur í íþróttasölum barnaskólanna verði fullnægt.

Minniboltinn er ekki eingöngu til að ala upp körfuknattleiksmenn, heldur er íþróttin sniðin til að fullnægja leikþörf barna á vissum aldri, þannig að þau verði þátttakendur í þroskandi íþrótt, sem hefur uppeldislegt gildi, jafnframt því að vera börnunum til ánægju.

NB-nefnd skorar á öll aðildarfélag KKI, að reyna eftir fyllsta megni, að vinna að því, að minniboltakörfum sé komið upp í íþróttasölum skólanna og á útileikvöllum. Ennfremur eru félagin beðin að láta MB-nefnd KKI fylgjast með því hvernig þessum málum er varið í þeirra heima-
höfum.

Bogi Þorsteinsson

DÓMARANEFND 1975-76.

Nefndina skipuðu þeir Jón Otti Ólafsson form., Sigurður Valur Halldórsson og Kristbjörn Albertsson.

Starfsemi:

Byrjað var á því að melda dómara og upprifjarnámskeið og var það nokkuð fjölmennt meðal annars kom hópur frá Snæfelli, útskrifaðir voru um 15 manns.

Boðað var til samræmingarfundar með dómurum og var hann nokkuð vel sóttur.

Raðað var að venju á hin föstu mót s.s. Reykjavíkurmót, Íslandsmót, Bikarkeppni KKI og fl. Í mótmælaskyni við úrskurð aganefndar um áramótin hættu tveir l.deildar dómarar störfum og gerði það dómaranefndinni mjög erfitt fyrir og kom niður á annarri starfsemi hennar er það miður að svona lagað skuli geta skeð. Einnig veiktist Hörður Túliníus á miðjum vetri og gat ekki dæmt eftir það, ekki bætti það úr skák.

Nýbreytni.

Nú var í fyrsta sinn teknar upp greiðslur fyrir leiki í I. II og III deild karla og I deild kvenna og reyndist það mjög vel, sérstaklega gekk betur að fá menn þegar um forföll var að ræða og fl. Einnig var nú í fyrsta sinn tekið upp að dómarar gerðu skýrslu um hvern leik sem greitt var fyrir.

Eftirmáli.

Því betri sem dómararnir eru og því meir tök sem þeir hafa á leiknum því betri og skemmtilegri hlýtur leikurinn að verða.

Um þetta eru vafalaust allir sammála, en hvað skal gera til að svo megi verða? Það er svo margt að ógjörningur er að telja upp hér. Á undanförunum érum hafa þeir menn sem skipað hafa dómaranefndina hverju sinni verið að vinna að þessum málum með hagsmuni Körfuboltans í

heild fyrir augum. Mönnum líst eflaust misjafnlega á vinnubrögð og árangur af þessu starfi en eitt er víst að ef við "Körfuknattleiksfolk" ætlum að þá þessum marki verðum við að vinna að þessu sem ein heild en ekki vera að gera þeim mönnum sem eru við stjórn hverju sinni erfiðara fyrir með allskonar kjánalegum aðgerðum.

Tökum höndum saman og gleymum öllum persónulegum kreddum og látum alla félagshagsmuni lönd og leið og vinnum saman að því að skapa fleiri og betri dómara.

Jón Otti Ólafsson

form. dómaranefndar KKI

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Síðasta starfsár KKI hefur að mörgu leyti verið viðburðar-
ríkt. Mest að umfangi var vitanlega Íslandsmótið sjálft
og önnur mót á vegum sambandsins. Þá hafa komið hingað
3 erlend lið í heimsókn og leikið samtals 6 leiki.
Landsliðið tók þátt í Norðurlandamótinu 1976 og
unglingalandsliðið fór í keppnisferðir til Tyrklands
og Grikklands.

Sá háttur var hafður á nú í vetur að undirritaður var
á skrifstofu sambandsins 2 klst. á dag alla virka daga
til að annast hinn daglega rekstur. Starfið er n.a.
fólgið í innlendum og erlendum bréfaskiptum á vegum
stjórnar eða nefnda, samantekt og útgáfa leikjabókar
umsjón leikjaskráa fyrir landsleiki, upplýsingar til
fjölmiðla, gerð spjaldskrár, umsjón með bikarkeppni og
firmakeppni og yfirleitt að einhverju leyti framkvæmd á
flestu því, sem stjórn eða nefndir taka sér fyrir
hendur. Þá fer og mikill tími í alls kyns tilkynningar
símleiðis til og frá hinum ýmsu sambandsfélögum,
einkum varðandi Íslandsmótið sjálft. Einnig er mikið
hringt eða komið til að fá upplýsingar um ýmislegt
varðandi íþróttina.

Það fer ekki á milli mála að nauðsynlegt er fyrir KKI
að hafa fastan starfsmann á skrifstofu sinni á tína-
bilinu sept-maí ár hvert. Sá tími sem undirritaður
var ráðinn til s.l. ár entist oft hvergi nærri til að
sinna öllu því sem fyrir lá, hvá þá til að brydda
upp á einhverju nýju.

Vegna þess hve mikill tími framkvæmdastjóra fer í
að taka á móti upplýsingum og miðla þeim vegna
Íslandsmótsins sjálfs, þá er það skoðum mín að um 2
kosti sé að velja. Annar er sá, að formaður mótanefndar
hafi fasta skrifstofutíma t.d. 1. klst. á dag 3-4 daga

ásamt 2 klst. á laugardagsmorgnum. Hinn er sá að framkvæmdastjóri sé jafnframt formaður mótanefndar og lengist þá einfaldlega viðverutími hans. Í báðum tilfellum kæmu og færu allar upplýsingar í gegnum l. aðila og tel ég það meginatriði. Þá get ég ekki stillt mig um að nefna það sem algjört skilyrði og jafnframt almenna kurteisí að menn noti hinn auglýsta skrifstofutíma en séu ekki að raska heimilisfriði manna á öllum tímum sólarhringsins. Slíkt gerir menn aðeins frá hverfa starfinu.

Ekki get ég lokið þessari skýrslu án þess að þakka fyrir ánægjulegt samstarf við stjórnarmenn KKI, hina ýmsu starfandi nefndarmenn innan sambandsins og körfuknattleiksáhugafólk um land allt sem ég hef átt viðskipti við í vetur.

Steinn Sveinsson.

LOKAORÐ

Við viljum að síðustu varpa eftirfarandi vangaveltum fram. Ef við lítum í kringum okkur, þá sjáum við að umsvif körfuknattleiksmanna innanlands sem utan eru dæki minni en tveggja stærstu sambandanna innan ISI. Körfuknattleiksíþróttin er og hefur verið að ganga í gegnum umbreytingatímabil til hins betra og við verðum að fylgja því eftir af öllum metti. Til þess að slíkt megi takast þarf tvennt til. Annars vegar að leika sem flesta landsleiki og halda áfram hinu mikla unglingsstarfi, sem nú er í gangi og reyna jafnframt að fá hér erlenda þjálfara eða senda hæfa menn utan til þjálfunarnámskeiða. Hins vegar þarf að tryggja sambandinu fastan fjárhagslegan grundvöll. Í augnablikinu getum við því miður ekki treyst á innkomu á landsleiki í íþróttinni eins og veturinn í vetur sýndi best, né heldur á tekjur af Íslandsmótinu. Það sem byggja verður fjáröflunina á, en sem komið er, er útsjónarsemi stjórnarmanna sambandsins við slíkt og síðast en ekki síst þátttöku aðildarfélaganna sjálfra. Má í því sambandi sérstaklega nefna Landshappdrætti KKI sem áður hefur reyndar verið minnst á hér í ársskýrslunni. Væri það of mikil fórn fyrir aðildarfélög KKI að skuldbinda sig til að standa skil á lo happdrættismiðum á hvern virkan félag? Ef slíkt væri gert ár hvert, þá væri kominn fastur árviss tekjuliður, sem yrði öllum í hæg, jafnt félögunum sem KKI.

Þetta tvennt þyrfti að komast í framkvæmd með samstilltu átaki allra körfuknattleiksunnenda og síðan að stefna öllum okkar kröftum að næstu 2 Norðurlandamótum þ.e. Norðurlandamóti unglunga í janúar 1977 og Norðurlandamóti karla á Íslandi 1978. Ef uppskera þessara tveggja ára yrði sú, sem við hyggjum hana geta orðið, þá þurfa körfuknattleiksmenn ekki að kvíða framtíðinni.

Að síðustu viljum við þakka þeim fjölmörgu aðilum, sem lagt hafa fram mikla og óeigingjarna vinnu til þess að starfsemin hefur gengið sinn gang og vonumst til að körfuknattleikurinn njóti starfskrafta þeirra sem lengst.

Stjórnin.